

Leikskólinn Norðurberg fékk Grænfánann fyrstur allra leikskóla í landinu í apríl 2003. Annað hvert ár þurfa skólar að vinna að sérstökum þema- bundnum verkefnum sem tengjast umhverfinu, svo sem vatni, orku, rusli, áttögum og samgöngum. Í ár er stefnt að því að fá Grænfánann í þriðja sinn með verkefni sem stuðlar að bættri umgengni og betri umhyggju fyrir umhverfi okkar og þeirri náttúru sem umlykur okkur. Við ætlum að vinna með átthagana. Við stefnum að því að fara með hvern barnahóp, þriggja ára og eldri, einu sinni í viku á fyrirfram ákveðið svæði úti í náttúrunni. Fyrir valinu varð Hafnarfjarðarhraun sem er hraunið austan megin við Hrafnistu. Þetta hraun verður "hraunið okkar" og er markmiðið að þekkja svæðið vel og verða örugg í þessu umhverfi. Við leikum okkur á svæðinu, skilgreinum náttúruna eins og mosann, gróðurinn, hraunið, gjóturnar og margt fleira. Við verðum með ýmislegt í bakpoka sem kemur sér vel úti í náttúrunni. Við getum líka tekið með okkur eitt og annað úr leikskólanum til að auðga leikinn enn frekar. Með því að fara á sama svæðið erum við að vinna eins og leikskólar víða í nágrannalöndum gera í svo kölluðum útileikskólum. Þar fara börnin oftast út í skóg en þar sem það landslag er ekki einkennandi fyrir okkar landslag stefnum við út í hraunið okkar.